


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	<b>Lita og formfræði 202</b> <b>LIF202</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2010</b>	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Nafn kennara:	Hjördís Stefánsdóttir	Sk.stöfun:	HJÖ
---------------	-----------------------	------------	-----

## LIF 202 Lita- og formfræði

Undanfari: LIF 102

### Áfangalýsing

Í áfanganum er kynnt áframhaldandi samspil forma og lita þó með meiri áherslu á litafræði sem sérstakan áfanga fyrir nemendur í málaraíðn. Nemendum er kynnt mikilvægi þekkingar á litum og samspili lita og umhverfis almennt er stýra nánast okkar daglega lífi. Farið er yfir huglæga þætti litanna, sálræn áhrif þeirra og eiginleika og jafnframt efnisfræðilegan þátt lita og nálgun þeirra í umhverfi okkar. Kynning á frumgerðum efnisfræðilegrar uppbyggingar litakerfa og þeim mönnum sem að þeim stóðu allt fram á okkar daga. NCS-litakerfið er kynnt og hvernig staðið er að uppbyggingu þess og notkun sem hjálpartækis í samskiptum einstaklinga. Fjallað er um hversu nauðsynlegt er að arkitektar, ráðgjafar og málara sem koma að sameiginlegum verkefnum þekki NCS-litakerfið, uppbyggingu og staðsetningu lita innan þess kerfis. Lögð er áhersla á litaskilning og litaþekkingu auk úrvinnslu á ýmsum þáttum NCS-litakerfis. Nemendur eru látnir leysa af hendi verkefni þessu tengd ásamt því að laga liti eftir gefnum sýnishornum með aðstoð NCS-litakerfis.

### Áfangamarkmið

Nemandi

þekki NCS-litakerfið og uppbyggingu þess kunni skil á grunnuppbyggingu NCS-litakerfisins

geti lesið úr litatáknstöfum í NCS-litakerfinu

geti staðsett liti í NCS-kerfinu út frá litaprufum

geti lagað liti í mismunandi málningarefnum eftir gefnum forsendum

þjálfli litaskyn sitt með raunhæfum blöndunarverkefnum

þekki einstök litarefni og blöndunareiginleika þeirra

geti greint liti bæði sjónrænt og með mælitækjum

þekki litablöndun og litaval innanhúss og utan

geri sér grein fyrir mikilvægi lita og ljóss í innanhúshönnun

fái innsýn í litanotkun innan- og utanhúss í sögulegu ljósi

þekki mismunandi liti, eiginleika þeirra og notkunar svið

geti valið og skipulagt liti fyrir mismunandi mannvirki bæði inni og úti

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
2 - 17	Efni frá kennara.	

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Verkefni
2 - 17	Í áfanganum er lögð áhersla á litafræði. Nemendum er kynnt mikilvægi þekkingar á litum og samspili lita og umhverfis. Farið er yfir huglæga þætti litanna, sálræn áhrif þeirra, eiginleika og fl. NCS –litakerfið er skoðað og nemendur leysa af hendi verkefni þessu tengd ásamt því að laga liti eftir gefnum sýnishornum með aðstoð NCS – litakerfisins.	Blöndun lita og túlkun þeirra. litapríhyrningur, litahringur, höfuðlitir, hreinir litir, jarðlitir, andstæðir litir, merking lita, litasamspil, áherslur í litum, persónulegt viðhorf, grátónn, ljósir og dökkir litir, heitir og kaldir litir, kallandi og róandi litir, huglæg áhrif, hreinleiki,

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Efni frá kennara.
Verklegar æfingar	Efni frá kennara.

Annað	Lýsing
Markmið	Nemendur þekki NCS- litakerfið og uppbyggingu þess. Nemendur geti lagað liti í mismunandi málningarefnum eftir gefnum forsendum. Nemendur þekki litablöndun og litaval innanhúss og utan.
Undanfari	LIF102

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Próf	30%
Verklegt	Litablöndun í lok annar.	10%
Frammistaða á önn	Stundvísi, framfarir, ástundun, árangur, umgengni, símat	60%

**Réttur til breytinga áskilinn.**

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

